

## Álfheimar 8-14 og 16 -25 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Elínar Maríu Sveinbjörnsdóttur, dags. 11. október 2024, um að gera bílastæði á lóð nr. 8-14 og 16-25 við Álfheima. Einnig er lögð fram ljósmynd.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags, 1956.



Ljósmynd af bílplani. 2024.

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Álfheimar 8-14 í skilgreindu íbúðarsvæði, nánar til tekið ÍB26 Heimahverfi Laugardals.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag samþykkt í bæjarráði 3. febrúar 1956 ásamt áorðnum breytingum.

### Fyrirspurn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa, hvort hægt sé að gera bílastæði á lóð 8-14 og 16-25 við Álfheima. Aðkoman í dag er mjög fráhrindandi og hefur verið síðan að byggðin reis á þessum stað. Áform eru um að grafa planið niður og slétta, setja vegg á þá hlið sem snýr að götunni og malbika stæðin. Við þetta myndi ásýndin stórlagast og bílastæðum fjölga. Einnig er spurt hvort það sé íbúanna að gera þetta ef vilji er fyrir hendi og þá hvort að lóðarhafar beri kostnað af.

### Umsögn

Ekki er lagst gegn því að lóðarleiguhafar fari í þessar framkvæmdir enda er það á ábyrgð og kostnað þeirra. Hins vegar er gildandi deiliskipulag frá 1956 og ekki augljóst hvar bílastæðin eru á lóðinni. Gera þarf því breytingu á deiliskipulagi sem verður grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum.

Huga þarf vel að aðliggjandi borgarlandi, gangstétt og innkeyrslu frá vegi. Einnig þarf að huga vel að gegndræpi yfirborðs þannig að úrkoma komist hindrunarlaust í jarðlögin. Vanda skal allan frágang og leitast við að koma fyrir gróðri.

[Reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík](#) skal hafa til hliðsjónar við gerð deiliskipulagsins.

### Niðurstaða

Ekki er gerð athugasemd við að fyrirspyrjandi leggi fram formlega umsókn um breytingu á deiliskipulagi m.t.t. ofangreindrar umsagnar.

### f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt/ verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.